

Skútustaðahreppur  
Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. september 2013  
Tilvísun: UST20130800122/bk

### Framkvæmdir vegna aðkomu gesta að Vindbelgjarfjalli.

Þann 22. ágúst 2013 barst Umhverfisstofnun umsókn um leyfi frá Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur fyrir hönd Skútustaðahrepps til að búa til nýtt bílaplan við aðkomu gesta að gönguleiðinni að Vindbelgjarfjalli.

Framkvæmdin er innan þess svæðis sem er verndað skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í suður Þingeyjarsýslu.

Gert er ráð fyrir nýjum áningastað við gönguleiðina að Vindbelgjarfjalli í verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016. Lýsing fyrirhugaðrar framkvæmdar samræmsit verndaráætluninni að mati Umhverfisstofnunar.


Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.


Samkvæmt reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í suður Þingeyjarsýslu er gert ráð fyrir að samráð sé haft við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvannsóknarstöðina við Mývatn, einnig skal leita umsagnar umráðamanna landareigna sem ekki eru í ríkiseigu áður en leyfi er veitt. Það samráð hefur átt sér stað.

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.

- Að fyllstu varúðar verði gætt við útfærslu framkvæmdarinnar og að komið verði í veg fyrir allt rask utan eiginlegs framkvæmdasvæðis.
- Að engin röskun eigi sér stað sunnan vegar.
- Að samráð verði haft við Vegagerð ríkisins, Egil Freysteinnsson og Umhverfisstofnun við nánari útfærslu á framkvæmdinni.
- Að sérfræðingi Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit sé tilkynnt um hvenær helstu framkvæmdir eigi sér stað.
- Lokafrágangur eigi sér stað í samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit.
- Framkvæmdaraði borgi 2 eftirlitsferðir Umhverfisstofnunar með framkvæmdinni.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Bergþóra Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur